Royal Iceland

Umsögn um frumvarp til laga um stjórn veiða á Norðaustur-Atlantshafsmakríl.

Þingskjal 1165 — 691. mál.

Royal Iceland hf (áður Fram Foods og Bakkavör Ísland) hefur árin 2013 og 2014 sérhæft sig í mótttöku, flokkun og frystingu á makríl sem veiddur er á handfæri. Bæði árin hefur félagið tekið á móti mörg hundruð tonnum af krókamakríl og unnið í nánu samstarfi við Storm Seafood ehf í Hafnarfirði sem meðal annars ræður yfir einu sérhæfðu makrílflökunarvél landsins. Royal Iceland hefur unnið aflann áfram með reykingu og marineringu makrílflaka til útflutnings.

Royal Iceland telur að gífuleg sóun hafi átt sér stað bæði árið 2013 og árið 2014 vegna þess kapphlaups og innbyrðis samkeppni sem einkenndi veiðarnar. Strax í upphafi vertíðar 2013 var ljóst að svokallaður „aflareynsluslagur“ var í uppsiglingu. Veiðarnar snérust um að ná sem flestum tonnum þó svo að það væri á kostnað vörugæða og verðmæta. Veiðarnar hófust of snemma bæði árið 2013 og 2014 þar sem gæði makrílsins var ekki fullnægjandi og skilaði mun lægra verði en ella.

Fjöldi báta var mikill sem eltu hver annan í einni hjörð í síðustu aflafréttir þar sem „aflareynsluslagur“ snýst fyrst og fremst um samanburð innan hópsins. Það var í lagi að fiska lítið ef aðrir voru að fiska lítið en fiska mikið ef aðrir voru að fiska mikið. Enginn tími var fyrir hvern og einn að leita nýrra miða umhverfis landið og og hvergi var slegið af í sókn. Þetta fyrirkomulag samtryggingar og hjarðhegðunar var til þess að vinnslan þurfti að vera til reiðu á nóttunni, á sunnudögum, um verslunarmannahelgar með hámarksmannafla á tveimur átta klukkustunda vöktum, þar sem engin leið var að segja til um hvort á land kæmu 5 tonn eða 50 tonn. Í þessu felst vissulega mikill aukakostnaður og sóun. Enginn leið var að hafa áhrif á sóknina eða stýra bátunum þannig að kostnaður yrði minni og verðmætin meiri, þ.m.t. hærra verð til bátanna. Upp komu reglulega aðstæður þar sem við hefðum viljað beina bátunum á aðrar veiðislóðir þar sem fiskurinn væri stærri eða átuinnihald minna. En án árangurs.

Þessar aðstæður hafa því valdið miklum óþarfa kostnaði í vinnslunni. Ekki er síður mikilvægt að „aflareynsluslagurinn“ hefur bitnað verulega á vörugæðum vegna þessara miklu sveiflna í veiði. Ekki hefur verið ráðist í markaðssetningu á krókamakríl af neinni alvöru en enginn vafi er á því að þar geta legið mjög miklir hagsmunir. Krókamakríll er allajafna langbesti makríllinn sem á land kemur þar sem hann hefur aldrei verið undir fargi í veiðarfærum, hann er yfirleitt talsvert blóðminni þar sem krókurinn blóðgar fiskinn og síðast en ekki síst er hann stærri.

Royal Iceland telur ljóst að með kvótasetningu muni aflamagnið sem á land kemur verða jafnara þar sem hver bátur muni hámarka verðmæti frekar en magn. Veiði komi víðar að og stuðli að jafnara flæði. Bátarnir muni leitast við að veiða verðmætasta fiskinn sem er allajafna sá fiskur sem veiðist eftir 25. júlí. Þeir munu færa sig milli veiðisvæða til að leita að stærsta fiskinum með lítilli átu. Ef vel tekst til getur verðmæti krókaaflans aukist um 20-40 % með skynsamlegri stjórnun.

Njarðvík 26. Apríl 2015

Lúðvík Börkur Jónsson